

**Nd. 196. Frumvarp til laga [133. mál]**

um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

**1. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1977 að jafnvirði allt að 9 732 millj. kr.

**2. gr.**

Af fjáröflun skv. 1. gr. skal 6 870 millj. kr. varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1977. Auk þess er fjármálaráðherra heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2 862 millj. kr. á árinu.

**3. gr.**

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast allt að 700 millj. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri vegna orkuframkvæmda á vegum sveitarfélaga á árinu 1977.

**4. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán, allt að 100 millj. kr., er sveitarfélög bjóða út vegna mikils háttar hitaveituframkvæmda á árinu 1977 skuli hljóta sömu meðferð og ríkisskuldabréf skv. 1. gr. laga nr. 7/1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl.

Heimild þessi gildir einnig þótt skuldabréfin séu verðtryggð enda fullnægi þau ákvæðum laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er lagt fram jafnhliða lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1977. Er leitað heimildar til erlendrar lántöku allt að 9 732 millj. kr., þar af 2 862 millj. kr. til endurlána til Framkvæmdasjóðs og 6 870 millj. kr. til að fjármagna ríkisframkvæmdir. Í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar og athugasemdum með fjárlagafrumvarpi er gerð nákvæm grein fyrir ráðstöfun þess lánsfjár, sem ætlað er að standa undir opinberum framkvæmdum á næsta ári, og vísast til þess. Nauðsynlegra heimilda til innlendrar fjáröflunar í þessu skyni er leitað í fjárlagafrumvarpinu. Er þar um að ræða 1 700 millj. kr. verðbréfaútgáfu og 3 310 millj. kr. af innheimtu endurlánaðra spariskirteina, sem hækkar í 3 410 millj. kr. vegna breyttra verðlags-

forsendna. Er heildarfjáröflun þannig 10 280 millj. kr. vegna ríkisframkvæmda og endurlána til sveitarfélaga. Af erlendri lántöku til ríkisframkvæmda er gert ráð fyrir að 963 millj. kr. fáið í formi vörukaupalána en 5 907 millj. kr. með öðrum hætti. Á meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting fjáröflunar til ríkisframkvæmda eftir uppruna fjármagns.

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Með þessari grein er leitað heimildar fyrir ríkissjóð til að ábyrgjast lán til orkuframkvæmda sveitarfélaga á árinu, allt að 700 m.kr., fyrst og fremst vegna hitaveitu á Akureyri.

Um 4. gr.

Greinin er sambljóða 14. gr. laga nr. 20/1976 að öðru leyti en því, að fjárhæðin er nú 100 m.kr. í stað 200 m.kr. í þeim lögum, en sú heimild hefur ekki enn verið notuð.

#### Lánsfjáröflun til ríkisframkvæmda 1977

	Erlend vöru- kaupalán	Önnur erlend lántaka	Innlend lántaka	Samtals
<b>A-hluti fjárlaga:</b>				
Laxastigi í Laxá .....	—	—	75	75
Flugöryggistæki .....	—	76	—	76
Vegagerð .....	—	—	1 600	1 600
Landshafnir .....	—	—	195	195
Hafnagerð við Grundartanga .....	—	—	150	150
Dýpkunarskip, kaup .....	225	—	75	300
	225	76	2 095	2 396
<b>B-hluti fjárlaga:</b>				
RARIK, almennar framkvæmdir .....	254	554	1 065	1 873
Sveitarafvæðing .....	—	—	200	200
Norðurlína .....	284	894	—	1 178
Lína Krafla—Eyrarteigur .....	—	500	—	500
<b>Krófluvirkjun:</b>				
a. Stöðvarhús og vélar .....	—	1 876	—	1 876
b. Borholur og aðveitukerfi .....	—	913	—	913
c. Lína Krafla—Akureyri .....	—	155	—	155
Járnblendiverksmiðja .....	—	939	—	939
	538	5 831	1 265	7 634
Samtals A- og B-hluti .....	763 <sup>1)</sup>	5 907	3 360	10 030
Endurlán til sveitarfélaga vegna Grundartanga- hafnar .....			50	
			3 410	

1) Auk þess er gert ráð fyrir 200 m.kr. vörukaupaláni Pósts og síma.